



Menntaskólinn á Egilsstöðum

**Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2019-2020**

júní 2020

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	2
Áfangamat	2
Nemendakönnun.....	3
Könnun meðal útskrifaðra nemenda 2014-2016	5
Starfsmannapúlsinn.....	6
SFR-könnun.....	8
Foreldrakönnun	9
Fjarnemakönnun	11
Lokaorð.....	11

Almennt um starfið

Skólaárið 2019-2020 var að störfum sjö manna nefnd um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Hana skipuðu þau Jón Ingi Sigurbjörnsson (verkefnisstjóri), Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Viðar Örn Hafsteinsson, Dagur Skírnir Óðinsson, Marianna Jóhannsdóttir og þá tók Bergþóra Arnórsdóttir við starfi Arnars Sigurbjarnarsonar sem áfangastjóri skólans auk sæti hans í nefndinni . Á skólaárinu voru haldnir 16 fundir sem námu 110 vinnustundum. Vinnustundir vegna rannsóknarvinnu og skýrslugerðar voru 76. Ótalin er þá vinna mannauðsstjóra við úrvinnslu kannana til kynningar fyrir starfsmenn.

Starfið hófst með krafti á haustönn og í október voru niðurstöður úr könnun meðal útskrifaðra nemenda kynntar bæði á afmælishátíð skólans og í fjölmiðlum.

Skólinn tók þátt í Skólapúlsinum sem er nemendakönnun og var síðast framkvæmd hér við ME árið 2013 og kom skólinn vel út úr því, bæði hefur orðið jákvæð breyting innan skólans á 6 árum auk þess að nemendur skólans segjast heil yfir vera ánægðir. Skólinn þakkar Skólapúlsinum samstarfið og lýsir yfir ánægju með traust og fagleg vinnubrögð bæði við nemendarannsókn og starfsmannarannsókn.

Foreldrar dagskólanema fengu senda könnun til sín seinnihluta haustannar og fjarnemar við skólann tóku þátt í könnun á vorönn 2020 en greint verður betur frá henni á næsta skólaári.

Áætlanir um að framkvæma áfangamat gengu ekki upp vegna Covid-19.

Almennt séð gekk starf IM vel á árinu og hafa niðurstöður rannsókna nefndarinnar vonandi skilað af sér enn betra skólastarfi.

Áfangamat

Áfangamat átti að framkvæma á vorönn 2020 en vegna þeirra fordæmalusu aðstæðna sem sköpuðust í skólastarfinu vegna Covid-19 var ákveðið að bíða með áfangamat fram á nýtt skólaár.


Nemendakönnun

Hefð er fyrir því að IM framkvæmi nemendakönnun á hverju hausti og leggi þá fyrir nemendur skólans. Haustið 2019 var þó tekin sú ákvörðun innan IM að taka þátt í Skólapúlsinum og kom hún könnun í stað frumsamdrar nemendakönnunar IM.


Markmið Skólapúlsins er að mæla þætti sem snúa að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Að auki með þáttöku í Skólapúlsinum gefst skólanum tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu og var það ein megin ástæða þess að ákveðið var að taka þátt.

Úrtakið samanstóð af 113 nemendum og var svarhlutfall rúm 95%.


Menntaskólinn tók síðast þátt í Skólapúlsinum 2013 og sýna niðurstöður könnunarinnar skólinn má vel við una í samanburði við aðra skóla og einnig að jákvæð breyting hefur orðið á flestum þáttum á milli kannanna.



1.3. Stuðningur kennara við nemendur – Ársmeðaltöl



3.5. Þunglyndi – Ársmeðaltöl



Ólíkt því sem virðist vera gera annarsstaðar að þunglyndi framhaldsskóla nemenda aukist ár frá ári þá virðist öfug þróun eiga sér stað í ME en næstum tvöfalt lægra hlutfall nemenda ME mælast með þunglyndi samanborið við könnun sem framkvæmd var við skólann 2013.

Niðurstöður Skólalúpsins sýna að almennt líður nemendum í ME vel í skólanum og að þeir fái stuðning. Alltaf má þó gera betur og nýttast niðurstöðurnar í frekari vinnu innan skólans.

Könnun meðal útskrifaðra nemenda 2014-2016

Haustið 2018 ákvað IM að framkvæma rannsókn meðal stúdenta skólans þar sem upplifun þeirra hefði verið á sínum tíma af skólagöngunni í ME.

Ákveðið var að velja þrjú útskriftarárganga: 2014, 2015 og 2016 sem allir eiga það sammerkt að spanakerfi skólans hafði verið þau þrjú ár sem gert er ráð fyrir að nemendur hafi til að ljúka stúdentsprófi.

Í upphafi ætlaði IM að ráðast eingöngu í eigindlega rannsókn og taka viðtöl við nokkra nemendur úr þessum árgöngum en eftir samtali við Ingólf Á. Jóhannesson (hver er staða hans) og Dr. Puríði Jóhannsdóttur hjá kennaradeild HÍ var ákveðið að hafa hana tvíþætta, meginlega og eigindlega.


Jón Ingi Sigurbjörnsson og Dagur Skírni Óðinsson voru settir verkefnisstjórar yfir rannsókninni og var meginleg könnun send til 170 stúdenta og fékkst um 85% svarhlutfall sem kom ánægjulega á óvart.

Vorið 2019 var byrjað á eigindlega hluta rannsóknarinnar en ákveðið var að taka viðtal við 10 nemendur sem myndu endurspegla nemendasamsetningu þess tíma með tilliti til kyns, námsbrautar og búsetu. Viðtölin voru tekin að vori 2019 og unnið úr niðurstöðum um sumar og haust.


Rannsóknin var svo kynnt á 40 ára afmælishátíð skólans þar sem Jón Ingi og Dagur fóru yfir niðurstöður hennar. Þá birtist jafnframt samantekt úr henni í blaði Austurgluggans.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru ákaflega jákvæðar fyrir ME og sýna hlýhug og ánægju útskrifaðra nemenda til gamla skólans síns.


Þá er ánægjulegt að sjá hversu ólíkar brautir nemendur feta eftir veru sína við skólann.



Hver var reynsla þín af spannakerfinu (að kennt væri í 8 vikna spönnum en ekki 16 vikna önnum)?



Í hverskonar nám, ef eitthvert, fórstu að loknu stúdentsprófi?




Starfsmannapúlsinn


Í stað könnunar um viðhorf og líðan kennara var keyptur Starfsmannapúlsinn. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á starfsdögum vorið 2020.

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 11. mars til 8. apríl. Svarhlutfall var 89,1%. Könnunin skiptist niður í 5 hluta, starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun og opin svör. Niðurstöður í heild voru góðar. Starfsmönnum líður vel í ME, starfsandinn er góður, stjórnun góð og samstarfsfólkið styðjandi. Alltar eru þættir sem má bæta, en einblýnt hefur verið á álag undanfarin ár. Í samanburði við aðrar

stofnanir og fyrirtæki er álag þó ekki meira en á öðrum stöðum (sjá mynd) og mælist ME heldur neðar en landsmeðaltal. Verkefnið verður þó áfram mikilvægt.




Starfsandinn er góður í ME, en það er í takt við aðrar kannanir sem lagðar hafa verið fyrir.




Mismunum mælist ekki mikil í ME en þó eru einhverjir starfsmenn sem upplifa mismunandi framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum. Þetta er eitt af verkefnum sem þarf að skoða.

3.4.2 Hefurðu tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum á vinnustaðnum þínum?



Stuðningur frá næsta yfirmanni er mjög góður, en í þessu tilfalli er skólameistari næsti yfirmaður allra.

4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni – Röðun*



Í opnum svörum komu fram finar ábendingar um það sem betur mætti fara, en einnig var rauði þráðurinn almenn ánægja með skólann, stjórnun, samstarfsmenn og starfið í heild.

Almenn ánægja var í innramats hópnum með framkvæmd starfsmannapúlsins og er stefnt að því að framkvæma hann aftur. Einnig er stefnt að breytingum á könnunum í starfsmannamálum og málum tengdum skólaþróuninni. Þannig verða lagðar fyrir stuttar púls kannanir í hverjum mánuði í stað þess að senda engöngu út eina stóra könnun í lok skólaársins.

SFR-könnun

ME var þátttakandi í SFR-könnuninni „Stofnun ársins“ eins og síðustu ár. Mannauðsstjóri sendi starfsmannalista með netföngum til *Gallup* sem framkvæmir þá könnun.

Alls fengu 46 starfsmenn senda krækju á könnunina í tölvupósti. Af þeim svöruðu 36 sem er 78% svarhlutfall.


Niðurstöður voru mjög jákvæðar, skólinn hélt sínu á flest öllum sviðum. Ýmist hækkaði lítillega eða lækkaði. Á myndinni hér að neðan má sjá helstu niðurstöður í yfirflokkum könnunarinnar í samanburði við aðra framhalds- og háskóla og svo allar stofnanir í sama flokki.

Ekki fengust niðurstöður um röðun miðað við aðra skóla á heildina (sæti) þar sem Sameiki ákvað að senda ekki út þær niðurstöður fyrr en í haust. Engu að síður fengum við skýrsluna með okkar niðurstöðum og er það vel.

Fullt samræmi er milli niðurstaðna könnunar SFR og Starfsmannapúls könnunarinnar. Í báðum könnunum kemur fram almenn starfsánægja, stjórnun góð, vinnuskilyrði góð, ánægja og stolt með vinnustaðinn.


ME fékk tvær skýrslur frá *Gallup*, aðra um samanburð innan eigin stofnanaflokks og hina sem sýnir samanburð við aðrar menntastofnanir og allar stofnanir. Niðurstöður eru aðgengilegar á www.me.is

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



G*

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



G*

Foreldrakönnun


Í nóvember 2019 var send út könnun til foreldra/forráðarmanna dagskólanema við skólann.

Ýtrekun var send út tvisvar og könnunni lokað um mánuði eftir að hún var send út.


Alls fengu foreldrar/forráðarmenn 193 nemenda póst og svöruðu 157 könnuninni sem gerir 81% svarhlutfall. Mæður voru í miklum meirihluta svarenda eða 77%.

Niðurstöðurnar voru jákvæðar fyrir skólann en 99% töldu ME vera góðan skóla og 98% báru traust til hans.

Nánast allir foreldrar/forráðamenn eru sammála því að spannerkerfið og verkefnatímar henti nemendum vel. Þá telja 93% að foreldra/forráðarmanna að barninu sínu líði vel í skólanum en þó svöruðu 31% því að barnið finni til einhverjar streitu í tengslum við námið.



Líðan og félagsleg staða



Fjarnemakönnun

Í apríl 2020 var send út könnun til fjarnema sem höfðu verið skráðir í einn eða fleiri áfanga við skólann á skólaárinu 2019-2020. Könnunin var unnin í samstarfi við fjarnámsstjóra.

Könnunin var send út til 692 fjarnema og svöruðu 281 sem gerir 40% svarhlutfall.

Í heildina litið voru niðurstöðurnar á þá leið að fjarnemendur væru ánægðir með námið frá ME en frekar verður unnið úr niðurstöðum og þær kynntar á næsta skólaári.

Lokaorð

Verkefnahópur innra mats þakkar nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Starf hópsins hefur gengið vel og með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja eftir því sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Dagur Skírnir Óðinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Jón Ingi Sigurbjörnsson

Skýrslu skilað til skólameistara 9/6 2020

Jón Ingi Sigurbjörnsson, verkefnisstjóri